

Aðalfundarboð

Aðalfundur Veidifélags Árnesinga fyrir árið 2018 verður haldinn í félagsheimilinu Félagslundi, Flóahreppi, fimmtudaginn 28. mars 2019, kl. 13:30.

Dagskrá fundarins:

1. Fundarsetning ásamt sameiginlegri tillögu stjórnar um fundarstjóra og fundarritara.
2. Sameiginleg tillaga stjórnar um fulltrúa til að kanna framkomin umboð og skrá þau.
3. Skýrsla stjórnar, Jörundur Gauksson, formaður.
4. Endurskoðaðir reikningar félagsins fyrir árið 2018 lagðir fram og skýrðir.
5. Fjárhagsáætlun fyrir árið 2019 lögð fram.
6. Umræður um skýrslu stjórnar og afgreiðsla reikninga og fjárhagsáætlunar.
7. Skýrsla Magnúsar Jóhannssonar, fiskifræðings hjá Hafrannsóknarstofnun.
8. Tillaga 6 stjórnarmanna af 7 um veiðitíma og veiðitilhögum árána 2019 og 2020:

Aðalfundur Veidifélags Árnesinga haldinn að Félagslundi 28. mars 2019 samþykkir að árið 2019 og 2020 sé félagsmönnum Veidifélags Árnesinga á vatnasvæði Ölfusár-Hvítár frjálst hverjum fyrir landi sinnar jarðar að veiða silung frá og með 1. apríl og lax frá og með 28. júní til og með 10. ágúst og frá og með 17. ágúst til 24. september, en deildir geti þó ákveðið að veiðitími hefjist og honum ljúki síðar en þó ekki lengur en til og með 30 september. Sami veiðidagafjöldi á við um deildir sem um aðra félagsmenn. Stjórn deildar skal tilkynna til formanns Veidifélags Árnesinga hvenær veiði hefst og hvenær henni lýkur.

Tímabilin 24. júní til 27. júní og 11. ágúst til 16. ágúst eru þeir 10 dagar sem félagið heldur eftir og ráðstafar til að standa straum af kostnaði félagsins. Hefji deildir veiði síðar en 24. júní heldur félagið eftir fyrstu 4 dögum þess tímabils sem og 6 dögum frá 11. - 16. ágúst. Félagsmenn hafa forkaupsrétt á veiðileyfum hver fyrir sínu landi og þessa daga er netaveiði óheimil.

Deildir ráðstafa veiði og arði til sinna félagsmanna á félagssvæði sínu.

Veiða má í lagnet, króknet eða á stöng í samræmi við fyrirmæli laga nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði.

Daglegur veiðitími á laxi og göngusilungi á stöng fer saman frá kl. 7-13 og 16-22. Eftir 20. ágúst frá kl. 7-13 og 15-21. Vikulegur veiðitími neta er frá kl. 10 að þriðjudagsmorgni til kl. 22 að föstudagskvöldi.

Daglegur veiðitími staðbundins silungs er frá kl. 8-21.

Mælst er til að silungsveiði, net og stöng, verði ekki stunduð á laxveiðisvæðum 15 daga fyrir laxveiðitímann.

9. Umræður og afgreiðsla á tillögum stjórnar.
10. Stjórnarkjör.
11. Kjör skoðunarmanna.
12. Umræður um gerð nýtingaráætlunar sem tæki gildi á árinu 2020.
13. Önnur mál.
14. Fundarslit.

Kaldaðarnesi II, 11. mars 2019, f.h. stjórnar Veidifélags Árnesinga,

Jörundur Gauksson, formaður.

Kaldaðarnesi II, 801 Selfoss

Það er félagsmanna að tilkynna um breytingar á félagsaðild og heimilisföngum til formanns.

ÁRBORG	
Bmr: 15.51	Míott: 13/3 '19
Ábr: G. H. H.	Mnr: 1902257